

L Ö G

63

12. marz

um breyting á lögum nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs tuttugasta og fimmta hvert ár. Næsta aðalmat samkvæmt lögum þessum skal hefja svo tímanlega, að því sé að fullu lokið fyrir 1. janúar 1965.

Nú breytist verðgildi peninga að verulegu leyti á milli þess, að aðalmat fer fram, og má þá með lögum ákveða breyting á matsverði allra fasteigna í landinu í samræmi við það.

2. gr.

Í stað orðanna „yfirmsatsnefndar, en hún“ í 2. mgr. 4. gr. laganna komi: fjármálaráðherra, sem.

3. gr.

Í stað orðanna „og veiðiréttindi“ í 4. mgr. 4. gr. laganna komi: veiðiréttindi og jarðhitaréttindi.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Til að framkvæma aðalmat skipar fjármálaráðherra þrjá menn í undirfasteignamatsnefnd í hverri sýslu og hverju bæjarfélagi. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar fjármálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

5. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar þrjá menn í yfirfasteignamatsnefnd og þrjá til vara. Hann tilnefnir formann nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með störfum undirmatsnefnda undir yfirumsjón fjármálaráðherra. Hún skal endurskoða og samræma mat allra fasteigna. Ef henni þykir eitthvað óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar hjá undirmatsnefnd og eiganda eða notanda fasteignar.

Yfirmsatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir lýsingar fasteigna og sendir þau til undirmatsnefnda í tæka tíð.

6. gr.

12. gr. laganna verði svo:

Milli þess, er aðalmat fer fram, sbr. 1. gr., skal meta öll ný hús svo og fasteignir, sem vegna einhverra sérstakra ástæðna breytast verulega að verðmæti. Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma, hver í sínum hreppi, en í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess starfa kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs

63 hinn. Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að aukamat fari fram, þegar
12. marz ástæða er til, og skal það annast endurskoðun á matinu. Skal framkvæma matið eftir sömu grundvallarreglum sem fylgt var við síðasta aðalmat.

Niðurstöður allra matsgerða, sem framkvæmdar eru samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna eigendum fasteignanna.

7. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Laun matsmanna og annan kostnað af matinu, þar með talinn ferðakostnaður, síma- og ritfangakostnaður, skal greiða úr ríkissjóði. Fjármálaráðherra ákveður laun matsmanna.

Kostnaður af aukamati greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði.

8. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Að loknu hverju aðalmati skal fjármálaráðuneytið svo fljótt sem við verður komið gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna í landinu. Skal bókin löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis öllum þeim mönnum og stofnunum, sem fá Stjórnartíðindi án endurgjalds.

9. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytið leggur úrskurð á kærur út af aukamati. Slíkar kærur skulu vera skriflegar og komnar í hendur ráðuneytisins, áður en 4 mánuðir eru liðnir, frá því að mat var tilkynnt eiganda fasteignar.

Fjármálaráðuneytið skal halda skrá um allt aukamat, og skal jafnóðum tilkynna yfirvöldum þeim, sem hlut eiga að máli, breytingar á fasteignamati við aukamat.

10. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni milli þess, að aðalmat fer fram, og skal hann þá senda fjármálaráðuneytinu um það rökstudda beiðni. Ráðuneytið úrskurðar síðan, hvort matið skuli fram fara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfesting, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 3 6. janúar 1938, um fasteignamat, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 12. marz 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.